# Safnaðarblað Akureyrarkirkju



*Kolbrún Kristjánsdóttir við altarisdúkinn.*

## Gjafir til Akureyrarkirkju

Í desember sl. gaf Kvenfélag Akureyrarkirkju altaristöflu í kapelluna, mynd eftir listakonuna Kristínu Gunnlaugsdóttur.

Kolbrún Kristjánsdóttir og fjölskylda gáfu altarisdúk á altarið í kikjunni til minningar um Þorvald Nikulásson fyrrum eiginmann Kolbrúnar. Er öllum sem að hlut eiga þakkað af alhug fyrir þessar góðu gjafir og fyrir þann hlýhug sem þeim fylgja.



*Altaristaflan í kapellu Akureyrarkirkju.*

## Handverk kvenna í Kirkjubæ

Sýningin *Altarisdúkar í Eyjafjarðarprófastsdæmi* hefur verið opnuð í Kirkjubæ við Ráðhústorg. Það eru Jenný Karlsdóttir, kennari, og Oddný E. Magnúsdóttir, þjóðfræðingur, sem hafa unnið það metnaðarfulla starf að skrá sögu altarisdúka í öllum kirkjum prófastsdæmisins, teikna upp munstur þeirra og mynda.

Þá skrýða myndir af 24 kirkjum prófastsdæmisins veggina í Kirkjubæ sem Jenný hefur tekið. Sams konar sýning var í Þingeyjarprófastsdæmi í Safnahúsinu á Húsavík og á Snartastöðum haustið 2008. Þær Jenný og Oddný munu vera á Sálarstaldri í Kirkjubæ föstudaginn 3. apíl kl. 12.00 og segja frá verkefninu.

Sýningin er opin frá kl. 11.00-15.00, á opnunartíma Kirkjubæjar. Allir eru velkomnir að líta inn og skoða þessa merku sýningu. Aðgangur er ókeypis.



*Tinna leiðtogi ásamt hressum krökkum.*

## Fjölbreytt barna- og unglingastarf í boði

Í Akureyrarkirkju er boðið upp á fjölbreytt og skemmtilegt barna- og unglingastarf.

Þátttaka er ókeypis og hvetjum við fólk til að kynna sér það sem er í boði.

Á sunnudögum er barnastarf kl. 11.00 og er einkum sniðið fyrir börn á leikskólaaldri. En reynsla okkar er sú að skemmtilegast er þegar allir aldurshópar koma saman og hvetjum við afa og ömmur til að koma og vera með!

Í þessum samverustundum er mikið sungið, gömlu góðu sunnudagaskólalögin ásamt nýjum, biblíusaga dagsins sögð og brúðurnar Mýsla og Músapési ásamt Rebba og Konna koma reglulega í heimsókn. Krakkarnir í TTT eru líka dugleg að aðstoða og leika fyrir yngri krakkana. Við bregðum líka oft á leik og förum í ýmsa leiki þar sem bæði börn og fullorðnir skemmta sér, s.s. í Töfrasöngnum, feluleik, stólaleik og ýmsum blöðruleikjum.

Á miðvikudögum er síðan starf fyrir grunnskólabörn, kirkjuprakkarar, 1.-4. bekkur, eru kl. 16.00 og svo eru TTT krakkarnir, 5.-7. bekkur, kl. 17.00. Engin skráning er í hópastarfið, krakkarnir bara mæta og eru með!

Dagskráin fram á vorið er fjölbreytt og í apríl verður t.d. Múmíufundur, páskasprell og árleg hæfileikakeppni TTT verður um miðjan mánuðinn.

Unglingarnir hittast á miðvikudagskvöldum og taka sér ýmislegt fyrir hendur, á dagskrá er ljósmyndamaraþon, útifundur, „Fear factor“ og eru allir í 8.-10. bekk velkomnir.

Þá er eldri barnakórinn að æfa lög úr MAMMA MÍA sem flutt verða á vorhátíð kirkjunnar 3. maí.



*Sigurvegarar í hæfileikakeppni TTT 2008.*

## Keyptur verði flygill í kirkjuna

Á aðalfundi sóknarnefndar Akureyrarkirkju, sem haldinn var sunnudaginn 22. mars sl., kom fram tillaga frá Hauki Ágústssyni um að keyptur yrði flygill í kirkjuna og að hann og kona hans, Hilda Torfadóttir, myndu leggja fram 100.000 krónur sem upphaf að söfnun til þessara hljóðfærakaupa.

Í framhaldi af því hefur verið stofnaður sérstakur reikningur hjá Kaupþingi, reikn.nr. 0302-13-701500 kt. 410169-6149. Sóknarnefndin þakkar þeim hjónum af alhug fyrir þessa höfðinglegu gjöf. Í ráði er að halda tónleika þar sem allur ágóðinn rennur í þennan sjóð.

Sóknarnefnd Akureyrarkirkju skipa: Rafn Sveinsson, formaður, Birgir Styrmisson, varaformaður, Gestur Jónsson, gjaldkeri, Bryndís Baldursdóttir, ritari, Gunnur B. Ringsted, Jón Oddgeir Guðmundsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Stefanía Hauksdóttir og Sæbjörg S. Kristinsdóttir.

Varanefnd: Ásdís A. Gunnlaugsdóttir, Sævar Ingi Jónsson, Auður Þorsteinsdóttir, Birna M. Arnþórsdóttir, Bryngeir Kristinsson, Einar S. Bjarnason, Margrét Eyfells og Ólafur Ólafsson.

## Hreyfing á prestunum

Síðustu mánuðina hefur töluverð hreyfing verið á prestum Akureyrarkirkju.

Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson fór sem kunnugt er í námsleyfi síðasta sumar en tekur væntanlega til starfa við kirkjuna á ný 1. ágúst næstkomandi.

Sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir hefur leyst Óskar af og sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir tók að sér störf Sólveigar Höllu. Nú um mánaðamótin fór sr. Svavar Alfreð Jónsson í veikindafrí sem standa mun næstu mánuði. Fyrst um sinn mun sr. Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur, annast afleysinguna en frá miðjum apríl verður sú þjónusta í höndum sr. Jónu Lísu Þorsteinsdóttur.

Sr. Jóna Lísa er við störf á Kanaríeyjum en kemur með kríunni á vorin til að vinna við kvöld- og ferðamannakirkju hér á svæðinu. Sú starfsemi verður með svipuðu sniði nú og undanfarin sumur. Það eru því heilmiklar hræringar í prestamálum Akureyrarkirkju – ekki síður en í landsmálapólitíkinni.

# Fulltrúar Akureyrarkirkju sigurvegarar kvöldsins

Hæfileikakeppni Norðausturlands fór fram í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju laugardagskvöldið 31. janúar sl. Atriðin voru fjölbreytt og skemmtileg. Það var sungið, leikið á hljóðfæri, dansað og sýndir leikþættir og greinilegt að Norðausturland hýsir fullt af upprennandi listafólki.

Kynnir kvöldsins var Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni í Glerárkirkju, en dómnefndina skipuðu, sr. Guðmundur Guðmundsson, Hjörtur Steinbergsson, organisti í Glerárkirkju og sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir.

Sigurvegarar kvöldsins voru Birkir, Birgitta, Birta og Lára. Þau fluttu lagið Hallelúja og kepptu fyrir Akureyrarkirkju. Þau hófu feril sinn sem tónlistarmenn á skólaskemmtun á Degi íslenskrar tungu og hafa vakið verðskuldaða athygli. Flutningurinn þótti afar góður, fallegur söngur og gott undirspil.



*Sigurvegararnir, Lára, Birta, Birgitta og Birkir.*

Annað sætið hlutu Stompstrákarnir úr KFUM. Þeir fluttu atriðið „Hver ertu?“. Hljóðfærasetningin þótti mjög framsækin en spilað var á allt mögulegt. Frumlegt og skemmtilegt atriði.

Tvö atriði deildu með sér þriðja sætinu. Það voru þær Jana og Lilja sem fluttu lagið „Simple song“. Jana og Lilja hafa komið fram á árshátíðum og stefna á heimsfrægð. Flutningur þeirra þótti ljómandi góður, fallegar raddir og samstíga í söngnum.

Fanney frá Vopnafirði hlaut líka þriðju verðlaun fyrir framlag sitt. Hún hefur getið sér gott orð fyrir ljúfa rödd og hefur m.a. tekið þátt í Tónkvísl á Laugum. Fanney söng lagið „If I were a boy“ og gerði það án undirleiks. Þótti dómnefndinni hún standa sig mjög vel, rödd hennar var ljúf og flutningur góður.

Þetta er í þriðja sinn sem H.Æ.N.A. er haldin. Það er ljóst að þessi keppni verður áfram árlegur viðburður og stærri í sniðum með ári hverju. Að lokum ber að þakka öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd kvöldsins fyrir þeirra frábæru störf.

# Fermingarbörn í Akureyrarkirkju í apríl 2009

***Laugardagur, 4. apríl, kl. 10.30***

| | |
|---|---|
| Alda Hólm Jóhannsdóttir | Lækjartúni 8-106 |
| Alma Karen Sverrisdóttir | Vörðutúni 3 |
| Almar Vestmann | Norðurgötu 43 |
| Anna Karen Kristinsdóttir | Kambagerði 6 |
| Ásta Lilja Harðardóttir | Byggðavegi 113 |
| Bergsveinn Ingvar Friðbjörnsson | Tjarnarlundi 11a |
| Birta Jóhannesdóttir | Oddeyrargötu 24 |
| Bjarki Skjóldal Þorsteinsson | Hríseyjargötu 2 |
| Brynjar Dagur Ingjaldsson | Skálateigi 1 |
| Guðrún Margrét Ívansdóttir | Hraungerði 7 |
| Gunnar Bjarki Hallgrímsson | Kotárgerði 23 |
| Hildur Ósk Erlendsdóttir | Vanabyggð 10c |
| Hólmfríður Ásbjarnardóttir | Munkaþverárstræti 19 |
| Ingi Þór Arngrímsson | Hjallalundi 17k |
| Jón Geir Harðarson | Byggðavegi 113 |
| Jón Októ Leifsson | Hörg, Svalbarðseyri |
| Mikael Jóhann Karlsson | Lækjargötu 3 |
| Mikael Már Sigtryggsson | Tjarnarlundi 16g |
| Páll Axel Sigurðsson | Grænumýri 12 |
| Rebekka Rut Þórhallsdóttir | Eikarlundi 25 |
| Saga Snorradóttir | Grenivöllum 12 |
| Sara Ósk Jónsdóttir | Laxagötu 3b |
| Unnur Anna Árnadóttir | Helgamagrastræti 22 |

***Pálmasunnudagur, 5. apríl, kl.10.30***

| | |
|---|---|
| Bergþóra Heiðbjört Bergþórsdóttir | Víðivöllum 10 |
| Birkir Snær Jónsson | Norðurgötu 32 |
| Bjarki Kjartansson | Heiðarlundi 2L |
| Bjarki Snær Kristjánsson | Norðurbyggð 11 |
| Borgþór Ingvarsson | Tjarnarlundi 12a |
| Brynja Eyrún Brynjarsdóttir | Heiðarlundi 6i |
| Einar Breki Baldvinsson | Goðabyggð 16 |
| Guðmundur Tómas Guðmundsson | Furulundi 8a |
| Hákon Ingi Þórisson | Grundargerði 1f |
| Kara Guðný Knutsen | Kringlumýri 14 |
| Kjartan Birgisson | Eyrarvegi 12 |
| Lára Einarsdóttir | Goðabyggð 1 |
| Ólafur Aron Pétursson | Hörpulundi 21 |
| Ólafur Pétur Ólafsson | Barrlundi 3 |
| Ragna Gréta Eiðsdóttir | Espilundi 8 |
| Sigríður Hannesdóttir | Espilundi 2 |
| Sunna Valdimarsdóttir | Helgamagrastræti 40 |
| Sylvía Björk Birgisdóttir | Ránargötu 27 |
| Valdís Ósk Sigurðardóttir | Hjallalundi 20 |
| Þórey Lísa Þórisdóttir | Stekkjartúni 23 |
| Ævar Ingi Jóhannesson | Stóragerði 12 |

***Laugardagur, 18. apríl, kl. 10.30***

| | |
|---|---|
| Anja Hildur Christiansen | Oddeyrargötu 16 |
| Birta Rún Jóhannsdóttir | Furulundi 4h |
| Guðríður Jana Arnarsdóttir | Hjallalundi 22, 202 |
| Gunnar Árnason | Stekkjargerði 2 |
| Inga Lísa Sveinsdóttir | Hólabraut 17 |
| Magnús Örn Valsson | Grundargerði 2e |
| Oddur Viðar Malmquist | Helgamagrastræti 5 |
| Ottó Fernando G. Tulinius | Grenilundi 17 |
| Tara Björk Gunnarsdóttir | Löngumýri 18 |

# Dagskrá Akureyrarkirkju í apríl 2009

***3. apríl, föstudagur.***
*Æfing fermingarbarna kl. 16.00 og 17.00.*

***4. apríl, laugardagur.***
*Fermingarmessa kl. 10.30.*
Prestar eru sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir og sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir.

***5. apríl, pálmasunnudagur.***
*Fermingarmessa kl. 10.30.*
Prestar eru sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir og sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir.
*Sunnudagaskóli í Minjasafnskirkjunni kl. 11.00.*
Umsjón Heimir Bjarni Ingimarsson.

***9. apríl, skírdagur.***
*Kvöldmessa kl. 20.00.*
Prestur er sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir.

***10. apríl, föstudagurinn langi.***
*Kyrrðarstund við krossinn kl. 21.00.*
Prestur er sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir. Lesari: Þráinn Karlsson.
*Tónleikar Hymnodiu kl. 23.00.*

***12. apríl, páskadagur.***
*Hátíðarmessa kl. 8.00.*
Prestur er sr. Guðmundur Guðmundsson.
*Páskahlátur í Safnaðarheimilinu kl. 9.00.*
*Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.00.*
Prestur er sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir.

***13. apríl, annar í páskum.***
*Guðsþjónusta í Minjasafnskirkjunni kl. 17.00.*
Prestur er sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir.

***17. apríl, föstudagur.***
*Æfing fermingarbarna kl. 16.00.*

***18. apríl, laugardagur.***
*Fermingarmessa kl. 10.30.*
Prestar eru sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir, sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir og sr. Guðmundur Guðmundsson.

***19. apríl, sunnudagur.***
*Guðsþjónusta kl. 11.00.*
Prestur er sr. Guðmundur Guðmundsson.
*Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11.00.*
Prestur er sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir.

***23. apríl, sumardagurinn fyrsti.***
*Skátamessa kl. 11.00.*
Prestur er sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir.

***26. apríl, sunnudagur.***
*Guðsþjónusta í kapellu kl. 11.00.*
Prestur er sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir.
*Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11.00.*
Prestur er sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir.
*Æðruleysismessa kl. 20.00.*
Prestur er sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir.

## Fastir liðir

***Þriðjudagar***
*Morgunsöngur kl. 9.00.*
*Æfing Stúlknakórs kl. 17.00-18.00.*
*Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 20.00-22.00.*

***Miðvikudagar***
*Mömmumorgnar kl. 9.30-11.30.*
*Kirkjuprakkarar kl. 16.00-17.00.*
*TTT kl. 17.00-18.00.*
*ÆFAK kl. 20.00-21.00.*

***Fimmtudagar***
*Kyrrðar- og fyrirbænastund kl. 12.00.*
Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina.
*Æfing yngri barnakórs kl. 15.30-16.10.*
*Æfing eldri barnakórs kl. 16.15-17.00.*
*Æfing Stúlknakórs kl. 17.00-18.30.*

Safnaðarblað Akureyrarkirkju
**Ábyrgðarmenn: Gyða Sigþórsdóttir, Sólveig Halla Kristjánsdóttir og Svavar Alfreð Jónsson.**

**Nánari upplýsingar um safnaðarstarfið og viðtalstíma prestanna er að finna á heimasíðu kirkjunnar – akirkja.is, sími 462 7700.**